

Orkufjarskipti hf.
Guðmundur Pálsson
Krókhálsi 5c
110 Reykjavík



Reykjavík 29. ágúst 2016
UST201607-097/B.S.
10.05.04

Efni: Ljósleiðari – Frá Kolkustíflu við Blöndulón að Hrútatungu í Hrútafirði.


Vísað er til bréfs Orkufjarskipta hf. dags. 7. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.


Í umræddu erindi Orkufjarskipta er eingöngu lýst sjálfri lagningu ljósleiðarans með plægingu um Auðkúlu-, Víðidals- og Aðalbólsheiði. Draga má þá ályktun af fyrri framkvæmdum að sjálf plægingin getur farið þannig fram að ummerki um framkvæmdina verða lítil og hverfa fljótt ef vel er staðið að verki.

Eins og fram kemur í erindi Orkufjarskipta verða settir niður brunnar með 4-6 km millibili alla lagnaleiðina. Umhverfisstofnun telur að gera hefði átt grein fyrir hvornig staðið verði að vinnu við brunna og frágang á þeim, þ.e. hvort við þessar aðgerðir verði notuð önnur tæki en þau sem notuð verða við plæginguna en þau tæki verða útbúin sérstökum beltum sem skilja eftir sig minni ummerki en ella. Umhverfisstofnun telur að ef önnur tæki verða notuð til vinnu við brunnana eigi að gera sambærilegar kröfur til þeirra tækja og þeirra tækja sem notuð verða við plæginguna til að ummerki um framkvæmdina verði eins lítil og kostur er.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Adalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri